

1. fundur skólanefndar vegna æskulýðsmála árið 2017, haldinn 23. maí 2017 í Félagsmiðstöðinni Zero, kl. 13:00. 4. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseð, Ingvar Hjálmarsson og Else Nielsen, Ásmundur Lárusson mætti ekki.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla forstöðumanns**
- 2. Rekstur Zero**
- 3. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla forstöðumanns

Skýrsla fyrir október 2016

1. Zero var opið 3 þriðjudaga og 3 fimmtudaga í október.

Það var lokað fimmtudaginn 6.október vegna haustþings kennara og þriðjudaginn 18. október vegna haustfrís hjá skólanum.

2. Mæting hefur verið mjög góð á fimmtudögum en slæm á þriðjudögum.

3. Viðburðir í október:

✓ Busaball og dísko.

✓ Heimsókn í félagsmiðstöðina Zelsíuz á Selfoss. Það fóru 27 unglingar í þessa ferð og 2 starfsmenn.

✓ Fræðsla um ungmennaráð. Rúnar Guðjónsson, Ástráður Unnar Sigurðsson og Nói Mar Jónsson komu og voru með kynningu. Svo var boðið upp á köku í lok kynningarinnar.

✓ Twister keppni

4. Zero nefnd var með fund 25 október.

Skýrsla fyrir nóvember 2016

1. Zero var opin 5 þriðjudaga, 2 fimmtudaga og 1 föstudag. Zero var lokað

- 3.nóvember vegna kynningardags í Menntaskólanum að Laugarvatni og 17. nóvember vegna menningaferðar 9. og 10. bekks. Slæm mæting hefur verið þriðjudögum en mjög góð á fimmtudögum.
2. Miðstigsgleði var haldin miðvikudaginn 2. nóvember. Það var halloween þema, draugahús og diskó. Mæting var mjög góð og mikil stemning.
3. Zero bauð upp á vöflur þriðjudaginn 1.nóvember og mættu 15 unglingar til að fá sér vöflur.
4. Fimmtudaginn 10.nóvember fórum við í heimsókn í félagsmiðstöðina í Reykholti. Zero opnaði kl.15.00 en var lokað kl. 19.30 þegar unglingarnir voru keyrðar út í Reykholt. Góð mæting var á viðburðurinn en alls fóru 22 unglingar frá Zero.
5. Zero fjárfesti í smart TV og playstation 4 tölvu í nóvember.
6. Það var haldið sleep over föstudaginn 25. nóvember til að fagna nýju sjónvarpi. Mættu 22 unglingar og horfðu á myndir langt fram á nótt.
7. Í nóvember var haldinn Zero nefndarfundur þann 22. nóvember þar sem jólaballið var skipulagt.

Skýrsla fyrir desember 2016

1. Í Desember var Zero opið 2 þriðjudaga, 2 fimmtudaga og svo var haldið jólaball á föstudegi.
2. Í desember var haldið jólakósý og voru unglingarnir að skreyta, föndra og borða piparkökur og mandarínur.
3. Söngvakeppni var haldin 8.desember og tóku 9 einstaklingar þátt. Keppnin var haldin í smá flýti vegna þess að enginn hafði skráð sig í keppnina og átti hún að falla niður en svo var allt í einu kominn áhugi fyrir að taka þátt. Laufey Helga Ragnheiðardóttir vann keppnina og keppir fyrir hönd Zero á USSS 13.janúar á Hellu. Dómarar á söngvakeppninni voru Kolbrún Kristín Daníelsdóttir og Karl Hallgrímsson.
4. Jólaballið var haldið 16.desember kl. 20.30 til 23.00. Emmsjé Gauti hélt uppi fjörinu og var mikil stemning. Miðar voru seldar í forsölu og við innganginn. Það komu 47 unglingar frá félagsmiðstöðinni í Bláskógarbyggð og um það bil 55 unglingar frá Zero. Það komu líka um 10 unglingar (2000 model) sem voru boðnir. Selt var nammi, gos og pizza.

5. Í desember var ekki haldinn fundur í Zero nefndinni en meðlimir tóku virkan þátt í undirbúningi fyrir jólaballið.

Skýrsla fyrir janúar 2017

1. Hugrún Hjálmsdóttir var ráðin inn sem starfsmaður fyrir Zero í janúar og ætlar hún að mæta á fimmtudögum frá 19-22. Emil Gunnlaugsson er hættur en það verður hægt að hafa samband við Jón Hermann Vignisson og Þorbjörgu Helgu Sigurðardóttur.

2. Í janúar var Zero opið 4 fimmtudaga og 4 þriðjudaga. Góð mæting er á fimmtudögum en frekar léleg á þriðjudögum.

3. Þann 13. janúar var haldin USSS á Hellu og fór Zero með 27 unglunga, 2 starfsmenn og eitt foreldri. Ferðin var vel heppnuð og skemmtu allir sér vel. Zero pantaði rútu með félagsmiðstöðinni Zetor til að minnka rútukostnað.

5. Viðburðir í janúar:

✓ bíó og spilakvöld

✓ fífakeppni

✓ borðtenniskeppni

✓ twister keppni

5. Upp hefur komið að foreldrar sem eiga að vera í gæslu mæta ekki. Gerður var listi sem birtur var á Facebook, þar sem kemur fram hvaða foreldrar eru í gæslu.

Forstöðumaður Zero taggar svo nafn unglunga og foreldra við myndina, eftir því hver er með gæsluna hverju sinni. Þetta hefur virkað vel og mæting batnað.

Skýrsla fyrir febrúar 2017

1. Í Febrúar var Zero opið 3 fimmtudaga og 5 þriðjudaga. Fimmtudaginn 23. febrúar var lokað vegna árshátíðar Flúðaskóla. Mæting var mjög góð á fimmtudögum en léleg á þriðjudögum.

2. Viðburðir í febrúar:

✓ Snyrtinámskeið - Fengum Ástu Gunnlaugsdóttir til að kenna okkur dag og

kvöldförðun. Ásta tók 15.000 kr. fyrir að kenna og borguðu þátttakendur 500 kr.

fyrir námskeiðið. Mæting var ekki sem best en það var líklega vegna körfuboltamóts sem var í gangi á sama tíma. Spurning um að rukka inn fyrirfram á slíka viðburði vegna þess að krakkarnir eiga það til að hætta við á síðustu mínútu, með tilheyrandi auknum útgjöldum fyrir Zero.

✓ Kökukeppni var haldin og kepptu 12 unglingar um frumlegustu kökuna, besta botninn, skautlegustu kökuna og fyrir þá flottustu. Sindri bakari var fenginn til að vera dómari.

✓ Spilakvöld

3. Miðstigsgleði var haldin í Árnesi. Góð mæting og frábær stemning. Boðið var upp á borðtennis, bíó og bingó. Sjoppan var opin og pizzur frá Pizzavagninum til sölu.

Skýrsla fyrir mars 2017

1. Zero var opin 4 fimmtudaga og 4 þriðjudaga. Zero var lokað 16. mars vegna skíðaferðar Flúðaskóla.

2. Else Nielsen var í frí frá 6. mars til 21. mars. Þorbjörg Helga Sigurðardóttir var með umsjón yfir Zero á meðan.

3. Viðburðir í Mars:

✓ spilakvöld

✓ fótboltakeppni

✓ fundur vegna Samfés

✓ Farið var á Samfés 24. -25. mars og fóru 25 unglingar og 3 starfsmenn. Gist var í félagsmiðstöðinni Tíunni í Árbænum. Ferðin tókst vel og unglingarnir voru til fyrirmyndar.

Skýrsla fyrir apríl 2017

1. Zero var opin 2 fimmtudaga og 3 þriðjudaga í mars. Lokað var 13. apríl vegna skírdags og 20. apríl vegna sumardagsins fyrsta. Góð mæting á fimmtudögum en slæm mæting á þriðjudögum.

2. Viðburðir í apríl:

✓ páskaeggjapingó

✓ fótoltamót milli bekkja

Skýrsla fyrir maí 2017

1. Zero var opin 3 fimmtudaga og 4 þriðjudaga. Lokað er 25. maí vegna uppstigningadags. Góð mæting á fimmtudögum en slæm á þriðjudögum.

2. Viðburðir í Maí:

✓ Suðurlandsskjálfti –Lokaball fyrir félagsmiðstöðir á Suðurland sem var haldinn í Hveragerði. Samtals tóku 17 unglingar og 2 starfsmenn þátt.

✓ Brennibolti og bíó.

✓ Miðstigsgleði var haldin í Brautarholti. Sundlaugapartý og blindraboltakeppni.

✓ Ís og útileikir

✓ Zero slútt verður á föstudaginn 26. maí. Verður það haldið í samstarfi við félagsmiðstöðina í Bláskógabyggð. Gist verður í félagsmiðstöðinni og margt skemmtilegt á dagskrá.

Eins og fram kemur í skýrslu Zero er mæting á þriðjudögum mjög dræm. Það þarf að skoða það í haust hvernig opnunartíma Zero á að vera háttáð á þriðjudögum.

2. Rekstur Zero

Farið var yfir rekstur Zero það sem af er ári. Reksturinn er á áætlun.

3. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl 13:25